

SJÓVÁ

Sími: 430 7000
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

434. tbl - 10. árg.

21. janúar 2010

SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík

- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

Saga Snæfellsbæjar sem fréttir samtímans

Kristján Helgason hefur mörg áhugamál. Eitt þeirra er að varðveita sögu byggðarlagans og gera hana öllum aðgengilega. Nýlega færði hann Áttthagastofu að gjöf 4 möppur með blaðaúrklippum. Úrklippurnar eru langflestar úr Skessuhorni og allar fjalla fréttirnar um fjölbreytt mannlíf í Snæfellsbæ. Fréttirnar ná yfir tímabilið 1999 til 2004. Hver mappa hefur að geyma blöð í stærðinni A3 og úrklippur þekja báðar hliðar blaðanna. En það sem Kristján færði Áttthagastofu nú er ekki nema brot af því sem hann hefur safnað. Blaðamaður spurði Kristján að því hvernig þetta hefði byrjað. Kristján sagði að sér hefði fundist að á tímabili flokkspólitísku blaðanna hafi ákaflega lítið verið sagt frá byggðarlaginu. Helst voru það aflafréttir. Hann hóf að safna úrklippum 1983. Hann hafði áhuga á að sjá svart á hvítu hversu mikill og hvernig fréttaluningurinn væri. Fyrst hefði þetta verið áhugi, síðan ástríða og skemmtun. Síðan 1983 hefur Kristján safnað úr öllum dagblöðum og tímaritum sem



honum voru tiltæk. Þetta eru orðnar 15 bækur/möppur þar sem hver mappa hefur að geyma 30 til 80 blaðsíður. Kristján er þeirrar skoðunar að í árunna rás hafi fréttirnar orðið fjölbreyttari og jákvæðari. Þessari vinnu fylgir umalsverður kostnaður og á síðasta ári fékk Kristján styrk frá Sparisjóðnum. Það er ljóst að fjölmargir geta haft bæði gagn og gaman af því að líta við í Áttthagastofu og kíkja í bækur Kristjáns Helgasonar.

HA

Aflabrögð smábáta

Það er fróðlegt að skoða afla þeirra smábáta sem mest hafa aflað á síðsta ári og það sem af er þessu ári. Af smábátum undir 10 BT aflaði Einar Hálfðans ÍS mest eða 640,3 tonn. Glaður SH var í 3. sæti með 403,7 tonn. Mangi á Búðum var í 6. sæti með 312,4 tonn. Kári SH var í 7. sæti með 301,5 tonn og Sverrir SH í 10 sæti með 255,22 tonn. Ef við lítum á afla smábáta yfir 10 BT þá var Sírrý ÍS efst með 1449,9 tonn á síðasta ári. Tryggvi Eðvars var í 9. sæti með 885,2 tonn og í 18. sæti var Kristinn II SH með 731,1 tonn. Ef við lítum

á aflann fram í miðjan janúar-mánuð þá kemur í ljós varðandi minnstu bátana að af 7 efstu bátunum eru 3 sem eiga löndunarhöfn í Ólafsvík. Þeir eru Glaður SH(36,819), Sverrir SH(28,048) og Mangi á Búðum SH(19,951). Hjá bátum yfir 10 BT er staðan svona. Tryggvi Eðvars SH er efstur með 100,769 tonn. Það eru 4 bátar frá Bolungarvík í hópi 10 efstu báta. Brynja SH er í 6. Sæti með 58,875 tonn og Kristinn II SH er í 10. sæti með 52,704 tonn.

HA



Vélsmiðja Árna Jóns

Lyklasmíði

Smiðjugötu 6. Rifi. 436-6500 arnijon.is

FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Nýtt kaffi-og veitingahús á Hellissandi

Þar sem eitt sinn var heilsugæslustöð verður á næstunni veitingastaður. Sif Svavarsdóttir hefur keypt húsið og vinnur nú við það ásamt föður sínum að breyta því og lagfæra. Sif gerir ráð fyrir því að rekstur veitingastaðarins geti hafist um mánaðarmótin maí/ júní. Húsið þarfnast gagngerðra breytinga að innan. Að utan verður steypur pallur fyrir sunnan, norðan og vestan húsið. Þar verður hægt að hafa stóla og borð að sumarlagi. Húsið er rúmir 100 fermerar að stærð og veitingasalurinn verður rúmgóður. Aðspurð



um fjármálin segir Sif að heildarkostnaðurinn verði á bilinu 10 til 15 milljónir. Sif ætlar sér að reka staðinn allt árið. Þetta er ekki staður fyrir ferðamenn



eingöngu heldur fyrst og fremst íbúa Snæfellsbæjar segir Sif. Enn hefur nafn staðarins ekki verið ákveðið. Tillögur er hægt að senda til Sif-

ar(Sif@gsnb.is) og verðlaunin eru kvöldverður fyrir tvo á nýja staðnum. Sif tekur fram að stólar og borð í gamla stílnum séu vel þegin.

HA



**Aloe Vera Heilsunnar vegna
Betri lífstíll meiri orka.**

Erla og Reynir sjálfstæðir dreifingaraðilar
8474008 - 8486710 - erlaogreynir@simnet.is



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

Raggi Bjarna og Þorgeir með tónleika



Ragnar Bjarnason er fyrir löngu orðinn goðsögn í íslensku tónlistarlífi. Stefán Hilmarsson söngvari lýsti Ragnari við langspilið svo langur og merkilegur væri ferill hans orðinn. Bjarni faðir Ragnars var einnig vinsæll söngvari á sinni tíð. Þeir félag-

arnir Ragnar og Þorgeir Ástvalds (núna best þekktur sem útvarpsmaður á Bylgjunni) héldu tónleika á Hótel Hellissandi s.l. laugardag og ekki verður annað séð en gestir hafi skemmt sér hið besta.

HA



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

½L Mix - 129,-

á meðan byrgðir endast

Afsláttur á Bland í poka á laugardögum

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Úpplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Dósasöfnun

Fimmtudaginn 21. janúar

kl.17:30

ætluð við að fara í dósasöfnun í Ólafsvík.

ATH BREYTTUR TÍMI

Er það von okkar, bæjarbúar góðir að þið eigið eitthvað af flöskum handa okkur, hvort sem það er plast, ál eða gler. Til að allt gangi vel og fljótt fyrir sig, væri ágætt að þið setuð poka eða kassa með flöskunum fyrir utan hús ykkar, að öðrum kosti bönkum við uppá hjá ykkur.

P.S. Krakkar mætum öll í húsnæði Ragnars og Ásgeirs, endilega takið mömmu og pabba með, því margar hendur vinna létt verk.

Með fyrirfram þökk.
Umf. Víkingur

Valentina Kay gefur út kennslubók

Bókin er söngleikrit og heitir Prinsessa Súsí. Hún hentar sem kennslubók fyrir börn í leikskólum, grunnskólum og tónlistarskólum. Rósa Erlendsdóttir kennari aðstoðaði Valentínu við að skrifa íslenskan texta. Barbara Fleckinger kennari samdi söngtexta við 7 lög. Dóttir Valentínu, Viktoria, bað hana um að semja sögu um prinsessu. Viktoria teiknaði allar myndirnar í bókinni. Samskipti ehf. og Starfsmenntasjóður FT og FÍH studdu útgáfuna. Bækurnar eru nú fáanlegar í Tónastöðinni. Valentina er að semja nýja bók sem heitir Etudes. Valentina hóf sjálf tónlistarnám þegar hún var 5

ára gömul. Hún stundaði tónlistarnám í Úkraínu í sex ár, í Hvíta-Rússlandi í fjögur ár og í Rússlandi í fimm ár. Valentina lærði á píanó og harmonikku en einnig lærði hún útsetningu og hljóm-sveitarstjórn. Hún lauk prófi sem tónlistarkennari frá Conservatoriu Ríkisins í Petrózavodsk. Eftir að hún fluttist til Íslands 2002 hefur hún haldið áfram að mennta sig og árið 2008 útskrifaðist hún sem tónsmiður frá Listaháskóla Íslands. Valentina er nú skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar, eins og kunnugt er, en hún hefur starfað með börnum frá því hún var 17 ára gömul.

HA




ER EITTHVAÐ AÐ FRÉTTA??

Ábendingum um fréttir má koma
á framfæri í síma: 824 4719
eða netföng: hrafnar@simnet.is
& steinprent@simnet.is

Bæjarblaðið
JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

Sólókonsert Gunnars Þórðarsonar

í félagsheimilinu Klifi
laugardaginn 23. janúar kl. 20



Skerðing á kvóta og lítil viðskipti

Þegar rúmur þriðjungur er liðinn af fiskveiðiarinu eiga krókaafلامarksbátar aðeins eftir að veiða tæp 3000 tonn af veiðiheimildum sínum í ýsu, sem svarar til þess að um þrír fjórðu þeirra hafi nú þegar verið nýttar.

Veiðiheimildir krókaafلامarksbáta í ýsu eru nú 40% minni en á sama tíma í fyrra. Bæði kemur það til vegna þriðjugs skerðingar á heildarfla í ýsu og tregðu stórútgerðarinnar að leigja frá sér, en á því hefur orðið mikil breyting milli ára. Á sl. fiskveiðiarinu juku krókaafلامarksbátar veiðiheimildir sínar um 4200 tonn

með því að leigja úr stóra kerfinu, en nú hafa þeir aðeins fengið þaðan rúm 900 tonn.

Andstætt við stöðu veiðiheimilda í ýsu hjá krókaafلامarksbátum á stórútgerðin eftir að veiða 77% af sínum veiðiheimildum. Alls hafa aflamarksskip nú veitt 14 þúsund tonn en krókaafلامarksbátar 9400 tonn.

Á heildina litið hefur nánast sama hlutfall ýsunnar verið nýtt eða tæpur þriðjungur. Mikill munur er hins vegar á magninu sem er rúmunum 8000 tonnum minna nú í ár en í fyrra.

(Tekið af heimasíðu Landssambands smábátaeigenda (<http://www.smabatar.is/>))
-ha

Kúttmagakvöld



Lionsklúbbur Nesþinga, Slysavarnardeildin Helga Bárðardóttir og Leikfélag Ólafsvíkur héldu hið árlega Kúttmagakvöld í Röstinni síðastliðið föstudagskvöld. Kúttmagakvöld er fyrir 60 ára og eldri en leyfilegt er að taka með sér yngri gesti. Á Kúttmagakvöldi er boðið

uppá hlaðborð af margvíslegum fiskréttum. Veislustjóri var Ásbjörn Óttarsson. Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson voru með söng og skemmtiatriði. Um 140 gestir voru á Kúttmagakvöldi að þessu sinni. Að loknum veisluhöldum lék hljómsveitin Bít fyrir dansi.

HA

Getraunir

Guðmundur Jensson SH og fiskverkun KG í Rífi gerðu jafntefli 9-9. Þeir eigast því við aftur um næstu helgi. HÓP-LEIKURINN hefst um næstu helgi, þeir sem ætla að vera með mæta og tippa. Reglan er að fólk típpar allt frá 96 röðum upp í 144 raðir sá eða sú sem verður með flesta rétta í lokinn vinnur, leikur-

inn stendur út tímabilið í enska boltanum. Ef fólk vill vita eitthvað meira um leikinn þá er bara að mæta á laugardaginn í Íþróttahúsið, opið frá 10.30 til 13.00. Heitt kaffi á könnunni. Munið félagsnúmerið 355. Allir velkominir.

Áfram Víkingur.
Stjáni Tótu.

VIRKIÐ

Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18

Skemmdarverk

Skemmdarverk voru unnin í Snæfellsbæ um jól og áramót. Samkvæmt upplýsingum frá Smára Björnssyni byggingarfulltrúa voru sprengdar upp 7 sorptunnur sem festar voru á ljósastaura. Hver tunna kostar nálægt 35

þúsund krónur. Einnig var útiklósettið á Sáinu sprengt upp og hurðin brotin. Ætla má að kostnaður sé um 100 þúsund krónur. Lögreglan vinnur nú í málinu ásamt bæjaryfirvöldum.

HA

Ólafsvíkurkirkja



Næstkomandi sunnudag 24. janúar hefst sunnudagaskólinn

aftur á nýju ári.

Þetta er sameiginlegur sunnudagaskóli Ólafsvíkur-og Ingjaldshólskirkna. Hann verður að þessu sinni í Ólafsvíkurkirkju kl 11:00.

„Djús og dund“ stund á eftir í safnaðarheimilinu.

Umsjónarmenn



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja? Logar viðvörðunarljós í mælaborði? Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltgunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

Er leiguverð of hátt?

Það er þekkt staðreynd að ef framboð er lítið miðað við eftirspurn þá hækkar verð. Sjávarútvegsráðherra hefur mikið vald. Hann ákvarðar heildaraflamagn að fengnu álitni Hafrannsóknarstofnunar. Það er framboðið. Eftirspurnina skapar fiskiskipafлотinn og veiðigeta hans. Fiskiskipin verða að hafa reksrargrundvöll þannig að bil verður að vera á milli fiskisverðs á mörkuðum og leiguverðs á kvóta. Þau skip sem eru háð leigukvóta verða að hætta rekstri ef kvótaverð verður mjög hátt. Það virðast vera mjög lítil viðskipti með kvóta um þessar mundir. Það virðist benda til þess að einhver hluti bátaflotans hafi dregið úr sókn. Blaðamaður leit á heimasíðu Líú og Fiskistofu. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um verð og viðskipti. Áberandi er á síðu Líú að efnisþurnin er mun meiri en framboðið. Aflamarkskerfið býður uppá skipti á tegundum. Núna er skiptahlutfall þorsks og skö-

tusels 1, en þorsks og löngu 3.86. Á síðu Fiskistofu er að finna ítarlegar upplýsingar. Þann 8.1. námu viðskipti með ýsu tæpum 80 tonnun og meðalverð var 190.06. Viðskipti með þorsk voru rúmlega 70 tonn og meðalverð 243.08. Það virðist vera útbreidd skoðun að minnkandi framboð á leigukvóta megi meðal annars rekja til þess að útgerðarmenn óttist fyrningarleiðina. Þeir óttast að það sem þeir leigja frá sér verði tekið af þeim. Lítil viðskipti með kvóta geta haft sérkennilegar afleiðingar. Þeir sem eiga nógan þorskvóta geta lent í því að verða að stöðva veiðar vegna þess að þeir hafa ekki kvóta fyrir meðaflann. Ef ekki er hægt að kaupa eða leigja kvóta þá er hægt að skipta á vissum tegundum í vissum hlutföllum. Fiskigengd ræðst ekki af fiskveiðistjórnun heldur af fæðuframboði og skilyrðum í sjónum. Við þessu verða útgerðarmenn að bregðast.

HA



SNÆFELLSBÆR

-Þar sem jökullinn ber við loft-

Fimmtudaginn 21. janúar

Kl. 20.00

**VERÐUR HALDINN ÖPINN FUNDUR UM
FJÁRHAGSÁÆTLUN SNÆFELLSBÆJAR
Í FÉLAGSHEIMILINU KLIFI**

Bæjarbúar eru hvattir til að mæta

Kaffi í boði bæjarstjórnar

HIÐ ÁRLEGA Þorrablot

verður haldið í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík
laugardaginn 30. janúar 2010.

Hinn eini sanni þorramatur, skemmtiatriði og ball.

Hljómsveitin Feðgarnir leikur fyrir dansi.

Miðaverð kr. 5.900.-

Miðasala verður í Félagsheimilinu á Klifi sem hér segir:



Sunnudaginn 24. janúar kl. 13:00 – 15:00
húsið opnað kl. 12:30, dregið verður um röð kaupenda

Mánudaginn 25. janúar kl. 20:30 – 21:30
Þriðjudaginn 26. janúar kl. 20:30 – 21:30

ATH! Hámark miðafjölda á hvern einstakling eru 10 stk.
Ekki verður selt sér inn á ballið.



Nefndin

ATH. Miðar verða ekki endurgreiddir eftir miðvikudag 27. janúar

Fréttabréf UMF. Víkings og UMF. Reynis Veturinn 2010.

Gleðilegt nýtt ár og takk við fyrir það gamla. Nú eru allar
æfingar komnar á fullt skrið eftir gott jólafrí.

Harpa Finnsdóttir hætti sem sundþjálfari nú um áramótin og
þökkum við henni fyrir gott samstarf. Steinunn Alva Lárusdóttir
hefur tekið við sem þjálfari og bjóðum við hana velkomna til
starfa. Sundæfingarnar verða á þriðjud- og fimmtudögum
Kl: 16:10-17:10.

Valdís Lilja fimleikakennari ætlar að koma 2x í vetur og vera
með fimleikamaráþon. Nánar auglýst síðar.

Íþróttaskólinn mun hefjast laugardaginn 6. febrúar,
fyrir börn fædd 2004-2005-2006-2007. kl 12:00-13:00
í íþróttahúsi Snæfellsbæjar.

Umsjónarmenn eru þær Ásta Pálsd og Hafdís Rán.
Ákveðið hefur verið að láta skrá börnin í íþróttaskólann, vegna
dræmrar þátttöku fyrir jól, lánmarksfjöldi er 15 börn.

Skráning í síma: 893-5792

Verð: 5000 kr. fyrir 7 skipti.

A.T.H A.T.H...A.T.H

Ákveðið hefur verið að breyta tímanum á dósasöfnuninni
og færa hann til kl. 17:30, en mæting er á sama stað.
Öryggiss vegna höfum látið útbúa endurskynsvesti
fyrir ungmennafélagið sem börnin verða í við dósasöfnun.

*Við hvetjum alla, bæði börn og foreldra til þess
að taka virkan þátt í starfi
ungmennafélaganna.*

Þjálfarar veturinn 2010:

Knattspyrna strákar: Ejub Purisevic s.867-9534

Knattspyrna stelpur yngriog eldri: Snædís Hjartardóttir
s. 661 8610

Sund: Steinunn Alva Lárusdóttir s. 867-0779

Blak eldri: Viðar Gylfason s.436-6747 / yngri:Kolbrún Ívarsdóttir

Íþróttaskóli: Ásta G. Pálsdóttir og Hafdís Rán

Golf: Rögnvaldur Ólafsson s: 892-2777

Fimleikar: Valdís Lilja Andrésdóttir

Stjórn UMF. Vikings

Hafdís Rán Brynjarsdóttir

Hermína K. Lárusdóttir

Form: Ásta G. Pálsdóttir

Stjórn UMF. Reynis

Þóra Olsen

Sigurbjörg Kristinsd.

Form: Karen Olsen